

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Tjarnarhólar, útivistar- og göngusvæði.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu svæðisins í þágu ferðamanna með gerð bílastæða, göngustíga, gerð upplýsingaskilta og byggingu tveggja þjónustuhúsa. Aðkoma að svæðinu er um núverandi gatnamót Vaðness og Snæfoksstaða frá Biskupstungnabraut. Samþykkt í sveitarstjórn 21. apríl 2021.

*Deiliskipulagsbreyting, Minni-Borg.*

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi svæðisins að Minni-Borgum. Skilgreindar eru lóðir í kringum 14 byggingarreiti, sem fyrir eru innan deiliskipulagsins. Engar byggingar hafa verið byggðar innan umræddra byggingarreita. Samþykkt í sveitarstjórn 21. apríl 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 25. júní 2021.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**